

1974 nr. 65 21. maí**Lög um ávana- og fíkniefni**

Tóku gildi 11. júní 1974. *Breytt með* l. 60/1980 (tóku gildi 16. júní 1980), l. 75/1982 (tóku gildi 10. júní 1982), l. 13/1985 (tóku gildi 31. maí 1985), l. 49/1993 (tóku gildi 27. maí 1993), l. 10/1997 (tóku gildi 26. mars 1997), l. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998) og l. 68/2001 (tóku gildi 13. júní 2001).

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt fyrir Íslands hönd að gerast aðili að alþjóðasamningum um ávana- og fíkniefni.

□ Hugtakið ávana- og fíkniefni í lögum þessum tekur einnig til ávana- og fíknilyfja.

■ **2. gr.** Varsla og meðferð ávana- og fíkniefna, sem talin eru upp í 6. gr. laga þessara, er óheimil á íslensku forráðsvaldi samkvæmt því sem nánar segir í 4. mgr.

□ Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð,¹⁾ að varsla og meðferð annarra ávana- og fíkniefna, sem sérstaklega mikil hættu er talin stafa af samkvæmt alþjóðasamningum, sé á sama hátt óheimil á íslensku forráðsvaldi.

□ Ráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. mgr., þegar sérstaklega stendur á og þá aðeins eftir þeim reglum og skilyrðum, er hann setur. Slíkar undanþágur eru ávallt afturtækar.

□ Innflutningur, útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla efna, er greinir í 1. og 2. mgr., er bannaður, með þeirri undantekningu, sem getur um í 3. mgr.

¹⁾ Augl. 232/2001, rg. 233/2001, sbr. 490/2001, 248/2002, 848/2002, 480/2005 og 516/2006.

■ **3. gr.** Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að efni, sem ekki falla undir 2. gr., en geta haft hættu í för með sér vegna eiginleika þeirra sem ávana- og fíkniefna og skráð eru sem slík í alþjóðasamningum, megi aðeins nota hér á landi í lækisfræðilegum og vísindalegum tilgangi. Sama er um efni, sem vísindalegar rannsóknir benda til, að haft gætu slíka hættu í för með sér.

□ Inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla efna þeirra, er greinir í 1. mgr., er einungis heimil lyfsölum og þeim, sem ráðherra hefur veitt sérstakt leyfi til slíks. Ráðherra getur sett frekari takmarkanir um slíka starfsemi og hann getur takmarkað og afturkallað leyfi hvenær sem er.

□ Kaup og móttaka efna, er greinir í 1. mgr., frá lyfsölum, svo og varsla efnanna er einnig heimil þeim, sem við þeim tekur samkvæmt lögum og almennum reglum um lyfseðla og aðrar lyfjaávisanir.

□ Að öðru leyti er inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla þessara efna bönnuð.

■ **4. gr.** Ákvæðum 2. og 3. gr. verður einnig beitt, eftir því sem við á, um hráefni, sem unnt er að vinna úr eða breyta í ávana- og fíkniefni. [Sama gildir um sölt, esta, peptíð og hvers konar afleiður (afbrigði) efna, sbr. 2. og 3. gr., þar með taldar afleiður sem eru frábrugðnar upprunalega efninu (viðmiðunarefninu) að því er varðar staðsetningu efnahöps eða efnahópa á kolefni, köfnunarefni, súrefni og/eða brennisteini.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2001, 1. gr.

■ **[4. gr. a.** Inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla og varsla tækja, hluta eða efna til notkunar við ólöglega ræktun, framleiðslu eða tilbúning ávana- og fíkniefna er bönnuð.

□ Ráðherra er heimilt að tilgreina nánar í reglugerð hvaða efni falla undir 1. mgr. og sérstaklega mikil hættu er talin stafa af samkvæmt alþjóðasamningum.]¹⁾

¹⁾ L. 10/1997, 6. gr.

■ **5. gr.** [[Brot á lögum þessum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum . . . ¹⁾ eða fangelsi allt að 6 árum.]²⁾ Sömu refsingu skal sá sæta, sem fær eða reynir að fá leyfi (undanþágu) samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða með því að leggja í sviksamlegum tilgangi launung á atríði, er máli skipta í þessu, eða brýtur skilyrði fyrir veittu leyfi. Enn fremur skal sá sæta sömu refsingu, sem gefur rangar skriflegar upplýsingar um nafn sitt, heimilisfang eða stöðu sína, er hann leitar eftir lyfseðli eða annarri ávísun á þau lyf eða efni, sem um getur í 3. og 4. gr.]³⁾

□ [Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga.]⁴⁾

□ Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

□ Heimilt er að refsa fyrir brot á lögum þessum, ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

□ Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

□ Gera skal upptæk til ríkissjóðs efni þau, er lög þessi taka til og aflað hefur verið á [ólögmætan]⁵⁾ hátt eða eru á annan hátt í ólögmætri vörslu.

□ [Heimilt er að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði ólögmætrar sölu efna sem lögin taka til. Það sama gildir um ávinning af öðrum brotum á lögum þessum, fjárhæð sem svarar til slíks ávinnings og muni sem eru keyptir eru fyrir ávinninginn. Ef ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er dómara heimilt að áætla fjárhæðina. Þá skal og heimilt að gera upptæka hvers konar muni sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmætrar meðferðar efna sem lögin taka til.

□ Ítrekuð brot gegn lögum þessum skulu varða aukinni refsingu, enda sé um að ræða innflutning eða dreifingu þeirra efna sem um getur í 2.–4. gr. a.]⁴⁾

¹⁾ L. 82/1998, 166. gr. ²⁾ L. 13/1985, 1. gr. ³⁾ L. 60/1980, 1. gr. ⁴⁾ L. 10/1997, 7. gr. ⁵⁾ L. 68/2001, 2. gr.

■ **6. gr.** [Eftirtalin ávana- og fíkniefni falla undir 1. mgr. 2. gr.: 1-Fenyl-2-butylamine, 4-metylaminox, 4-MTA, A1-fenyl-1-piperidyl-(2)-metyl acetat, Acetorphine, Acetylmekaline, Allobarbital, Brallobarbital, Brolamfetamine, Brotizolam, Brom-STP, Butobarbital, Cannabis (Kannabis, Marihuana, Hass), Cannabis harpix, Carfentanil, Cathinone, Chlorali hydras, Chloralodolum, Clomethiazolum, Cocainum, Desormorphinum, DET, Dexamfetamine, DMA, DMHP, DMT, DOET, Enhexymalum, Eticyclideine, Etilamfetamine, Etorphine, Fenetylline, GHB, Heptamalum, Heroin, Hexapropymatum, Hydroxyamfetamine, Hydroxytetrahydrokannabinolar, Ibogain, Kat, Levonantradol, Lysergide, MDA, MDE, MDMA, Mescaline, Methamfetamine, Methandriolum, Methaqualone, Methcathinone, Methylpentynolum, Methohexital, Metylmekaline, MMDA, Modafinil, Nabilon, N-ethyl MDA, N-hydroxyamfetamine, Parahexyl, PHP, PCPY, PMA, Propylhexedrinum, Psilocybinum, Psilocine, Pyrytyldion, STP, DOM, TCP, TMA, Tybamatum, Vinylbital.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2001, 3. gr.